

FRÍTT  
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

USAIN BOLT FOR **PUMA**<sup>®</sup>  
FRAGRANCES

**BRING ON THE DAY**



**green & yellow** THE NEW FRAGRANCES BY PUMA.

Blaðamaðurinn **Einar Lövdahl Gunnlaugsson** hefur nú tekið 79 forsiðuvíðtöl fyrir Monitor sem er sérstaklega skemmtilegt í ljósi þess að **Raggi Bjarna** verður einmitt 79 ára á þessu ári.

## MONITOR MÆLIR MEÐ...

### FYRIR SÁLINA

Tæplega 2000 einstaklingar og 206 mottulið keppast nú um að safna áheitu inni á [mottumars.is](http://mottumars.is) Nú þegar hafa safnast 14 milljónir króna en betur má ef duga skal því á morgun, föstudag, lýkur keppninni. Ef allir þeir sem nú þegar hafa skráð sig á heimasíðuna ná 8 þúsund krónum til viðbótar næst 30 milljóna króna takmarkið.



### FYRIR VERSLUNARMANNAHELGI

Í gær hófst forsale aðgöngumiða á **Þjóðhátíð** á dalurinn.is og hrundi vefurinn vegna álags. Það er því ljóst að spennan er mikil í aðdáendum Þjóðhátíðar og í ár er svo sannarlega ástæða til tilhlökkunar enda munu stórsveitirnar Retro Stefson og Stuðmenn troða upp í Herjólfssdal um verslunarmannahelgina. Monitor mælir með því að fólk tryggi sér miða á þessa snilld.



### FYRIR VAFRARA

Nú hefur Monitor opnað sinn **eigin vef** á mbl.is. Þar getur fólk nálgast allt efnið sem er í blaðinu hverju sinni en til viðbótar mun fjöldinn allur af öðru skemmtiefni koma inn á síðuna. Vertu með í fjörunu strax frá byrjun og smelltu þér inn á vefinn núna.



## VIKAN Á FACEBOOK



### Margrét Erla Maack

kæru vinir sem eruð góðir í internetinu!!! ég þarf að sjá

myndskeið fljótlega, úr laugardagslögum minnir mig, sigurjón kjartans og jón gnarr. jón gnarr er kona sem hringir inn og segir frá kynnum sínum af blökkumönnum. "svo þegar hann hætti að dansa... þá fór hann bara að syngja!" vítið þið hvort þetta er á netunum? takk!  
19. mars kl. 23:31



### Óli Geir

Þessi vika er búin að vera yndisleg. Er nú á Akureyri að fá mér lauffétt með

yndislegu fólk. Spilaði á árshátíð Ingunnarskóla á fimmtudaginn, var yndislegt. Spilaði á árshátíð Giljaskóla í gær, var yndislegt. Spila svo í Sjallanum í kvöld, verður yndislegt. Þið eruð yndisleg. Lífið er yndislegt..  
16. mars kl. 22:46



### Bogi Ágústsson

Biðum í tíu mínútur eftir fréttum en alþingismenn geta ekki fylgt

settum tímamörkum frekar en oft áður svo fréttirnar fá að biða.  
13. mars kl. 22:16

[www.facebook.com/monitorbladid](http://www.facebook.com/monitorbladid)

# Spurt að leikslökum

**Lið MH og MR mætast í úrslitum Gettu betur sem fram fara á laugardaginn. MR hefur sautján sinnum borið sigur úr býtum og mun verja titilinn frá því í fyrra. MH-ingar hafa aftur á móti engu að tapa en allt að vinna því MH hefur aldrei hlotið hljóðnemann góða. Monitor lagði nokkrar spurningar fyrir fyrirliðana tvo.**

#### Hvernig hitið þið liðið upp fyrir úrslitakvöldið?

Eg veit ekki það auðvitað ekki enn. Ætli við förum ekki í Nauthólsvík, horfum á góða mynd og hlustum á einhverja peppandi tónlist.

**Okkar helsti styrkleiki er...:** að við erum góðir í að halda niðri okkur andanum.

**Okkar helsti veikleiki er...:** lélegt úthald.

**Meðan skemmtiatriðin eru í gangi erum við yfirleitt að...:** gera jógaæfingar.

**Mest aðlaðandi liðsmaður MH er...:** Þórgnýr

**Hver er draumaspurningin?** Spurning um Jurassic 5 rappsveitina.

**Ef við vinnum Gettu betur þá...:** munum við halda upp á það um kvöldið og svo vel kvöldið þar á eftir og svo gleymum við öllu sem við höfum lært.

**Ef við töpum Gettu betur þá...:** förum við að gráta

#### Hvernig hitið þið liðið upp fyrir úrslitakvöldið?

Við reynum bara að taka því rólega, borðum saman og höfum það huggulegt. Við förum út úr bænum fyrir síðustu keppni og það reyndist vel svo við ætlum að endurtaka leikinn.

**Okkar helsti styrkleiki er...:** Glæst útlit.

**Okkar helsti veikleiki er...:** Þegar við föllum á tíma við að lappa upp á lúkkið og mætum í baðsloppum eins og síðast.

**Meðan skemmtiatriðin eru í gangi erum við yfirleitt að...:** Spjalla um atriðið. Við dissum þessi slæmu og hrósum okkar eigin, svolítið eins og í Eurovision.

**Mest aðlaðandi liðsmaður MR er...:**

Grétar af því þeir eru tveir

**Hver er draumaspurningin?** Síðast fengum við spurningu um Eurovision-framlag Úkraína árið 2007. Það væri erfitt að toppa það.

**Ef við vinnum Gettu betur þá...:** verðum við fyrsta lið MH frá upphafi til að vinna, svo það væri snilld.

**Ef við töpum Gettu betur þá...:** höldum við bara í hefðina.

### SIGURGEIR INGI

Fyrirliði MH

**Fyrstu sex:** 130493

**Braut:** Málabraut og náttúrufræðibraut

**Fyrirmynd í lífinu:** Foreldrar mínir

**Uppáhalds Disney-figúra:**

Teketillinn í Friða og dýrið

**Hákari eða hrútspungur:** Hákarl

### DORSTEINN GUNNAR

Fyrirliði MR

**Fyrstu sex:** 180293

**Braut:** Eðlisfræðibraut 2

**Fyrirmynd í lífinu:** Mac Miller

**Uppáhalds Disney-figúra:**

Nemó, þó hann sé ekki

Disney-persóna

**Hákari eða hrútspungur:**

Hvorugt

## BLAÐIÐ Í TÖLUM

**17** Gettu betur-titla hefur MR unnið

**151** Monitor-tölublöð hafa komið út í dagblaðaformi

**2** sýningar mun Vera LINDAL hafa haldið í endaðan maí

**78** ára er hinn síungi Ragnar Bjarnason

**9** fékk gulrótarkaka í einkunn í smakki

**MONITOR@MONITOR.IS** Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnars-son (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lisa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Anna Marsibil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýs-ingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Styrmir Kári (stymirkari@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Árvakur **Prentun:** Landsprent **Sími:** 569 1136

## ÞÁ MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

# Tíma-Mónitor: 3 ára

Það þekkja það allir af eigin raun hvað það er fánlega gaman að eiga afmæli. Fullt af kveðjum á Fésinu og síminn titrar allan daginn því sms-in streyma inn. Þó ég sé enn ekki orðinn foreldri þá getur maður ímyndað sér að önnur eins stemning brjótist út þegar litla barnið þitt á afmæli. Allir eru glaðir því barnið fær pakka og blæs jafnvel á kertin og svona.

Það er óhætt að segja að starfsfólk Monitor sé að upplifa þessa foreldratilfinningu nú þegar litla barnið þeirra, Monitor, fagnar 3 ára vikublaðsútgáfufmæli sínu. Með gleðitár á hvarmi leitar hugurinn til baka og hjartað slær örar þegar allar fallgu Monitor-stundirnar eru rifjaðar upp.


Til að fagna þessum tímamótum blésum við til mikillar veislu í gærkvöldi og erum við þakklát öllum þeim sem þar létu sjá sig til að samfagna með okkur. Sérstakar þakkir

fá svo forsiðufyrirsæturnar sem stigu á svið og skemmtu sér og lýðnum.

Afmælið var þar ekki eina gleðiefnið heldur brutust út mikil fagnaðarlæti þegar nýr Monitor-vefur var opnaður en hingað til hefur Monitor-efni eingöngu verið aðgengilegt undir Fólksvefnum. Við létum ekki þar við sitja heldur kynntum einnig nýtt smáforrit (e. app) sem nálgast má í App Store eftir tvær vikur.

Meistari Raggi Bjarna prýðir forsiðuna þessa afmælisvikuna og er það vel við hæfi enda maðurinn holdgervingur eilífrar æsku og oft verið óhræddur við að syngja með ungum listamönnum. Við erum jú stolt af því að miða okkar jákvæða efni við unga fólk í landinu og vonum við að með þessum nýjungum verðum við enn öflugri sem slíkur miðill. Guð blessi Monitor og alla þá sem hafa yndi af lestri þess.

Ykkar einlægur, Jón Ragnar



Myndir/Baill



Einn fór inn í ljósið #mottumars #afhverjuanas?



Starfsfólk Monitor brosir framan í heiminn en ekki allir vissu hvar myndavélin var #monitormynd #afmæli #gleði #gaman



Pungir þankar? #4everalone #tjörnin #samsweetútsýni



# #monitormynd

Sérð þú lífið í filter? Monitor líka! Í vikunni hitti Monitor nokkrar fyrrum forsíðustjörnur og kíkti á mannlífið í góða veðrinu. #hversugóðurvinnudagur

Ert þú í Instahring Monitor? Bondaðu við okkur með hashtagginu **#monitormynd**. Vikulega getur þú svo nælt þér í vinninga með því að notast einnig við hashtag vikunnar. Hashtag vikunnar 21. - 28. mars er **#afmæli** en hæfileikararíkir Instagrammar gætu nælt sér í gjafabréf á hina einu sönnu Hamborgarafabrikku.



Félagar í flíng #meðhangandiendi #þannigtýnistíminn



Náðum þessum á hlaupum #Káristeinn #neonermálið



Instamynd af Instafréttamönnum #itsaword #instaword



Já halló! #Þórunnantónía #listinaðbeibaásig



Ósátt með stærðina? #AnnaSvava #honeyishrunkthecover



Sáttur með forsíðumódelið #monitormynd #Stebbiilmars


DOMINO'S KYNNIR SPENNANDI NÝJUNG!

NÝTT

# PÖNNU PIZZA

## Hvað gerir nýju pönnupizzuna okkar einstaka?

Eins og í allar pizzur Domino's þá er aðeins notað fyrsta flokks hráefni í pönnupizzuna. Deigið er sérlegað fyrir pönnuna og gefur gullna og stökka skorpu. Osturinn er 100% ekta, alíslenskur og þú færð tvöfaldan skammt í hverjum bita. Pönnupizzan er matarmikil og einstaklega ljúffeng 12" pizza. Njóttu vel!



Sérlegað deig

Stökk og gullin skorpa allan hringinn

Handgerð af ást og umhyggju

Séröguð olía fyrir pönnupizzur

Tvöfalt lag af osti í hverjum bita



SÍMI 58 12345  DOMINO'S APP  WWW.DOMINOS.IS

# Grét yfir Salvador Dali

## Vera Líndal Guðnadóttir

er 25 ára mannfræðinemi í Háskóla Íslands sem vakið hefur nokkra athygli fyrir sakir áhugaverðrar listsköpunar.

### VERA LÍNDAL

Fyrstu sex: 191087

Nám: Mannfræði, fyrsta ár.

Uppáhaldslitur: Svartur.


Uppáhalds ofurhetja: Finn & Jake

Hvernig viltu kaffið þitt: Ég er kaffinýgræðingur, latte er ljúft.

Prófkviðastuðull augnabliksins:

Ætli ég sé ekki solid 4. Stress er ekkert næs. Sleppum því.

Ég er best í: Heimi (já þetta gerðist).



### Hvenær byrjaðir þú að teikna?

Ætli ég hafi ekki teiknað mína fyrstu mynd á svipuðum tíma og ég byrjaði að labba, svona sirka.

Foreldrar mínir eiga fullt af myndum eftir mig frá því ég var yngri, en mér þótti fátt skemmtilegra en að sula með líti og teikna. Þá var það bara svona happa-glappa hvort listaverkið endaði á blaði, sjálfri mér eða veggjunum heima en það átti að sjálfsögðu að vera gangstah graffiti, hugsa ég.

### Hvaðan færð þú innblástur?

Ég elska að sökkva mér í þælingar um hluti sem við eigum enn margt ólært um eins og geiminn, hafid, yfirnáttúrulega hluti, furðulegar lífverur og fleira í þeim dúr. Þá tekur virkara heilahvelið kipp. Þegar mig dreymir eitthvað furðulegt fær heilinn líka plús í kladdann.

Tónlist hefur líka alveg gífurleg áhrif á mig og mína listsköpun. Það er til dæmis mjög hlægilegt að sjá myndir mínar frá því í unglingságeir sem eru Emo niður í innsta kjarna. Takk Linkin Park. Good times.

### Hvernig myndir þú lýsa þér sem listamanni?

Ætli ég myndi ekki lýsa mér sem frekar venjulegri stelpu með afar frjótt hugmyndaflug. Mér þykir gaman að prófa mig áfram í listinni og hef ég nálgast hana frá hinum ýmsu áttum. Ég er til að mynda útskrifuð með diplóma úr mótun frá Myndlistarskóla Reykjavíkur, þar sem ég lærði keramik og glerblástur en mér þykir teikningin eiga best við mig, frelsið sem maður hefur með tómt blað er algjört.

### Hvað gerir þú utan þess að sinna listamannslífverinu?

Ég er bara að njóta lífsins í botn sem fyrsta árs nemi í mannfræði við Háskóla Íslands. Ég var nýlega kjörin inn í Stúdentaráð HÍ fyrir hönd Vöku, þar sem ég ásamt fleirum ætlum að gera okkar besta í að standa vörð um hag háskólanema. Ég er einnig nýkjörin skemmtanastjóri Vöku, sem er aldeilis ekki leiðindadjobb. Síðan vinn ég með skóla sem þjónustufulltrúi hjá Símanum í Kringlunni og sjálfböðavinnu á vegum Rauða kross Íslands við að hjálpa innflytjendum á grunnskólastigi með heimalærdóm.

### Teiknar þú einhvern tímunn sjálfsmýndir?

Bara í laumi.

### Hvaða listamanna lítur þú upp til?

Ég vil nefna meistara á borð við Salvador Dali, Tim Burton og Alfreð Flóka sem hafa alltaf höfðað sérstaklega til mín.

Ég var svo heppin þegar ég fór á MOMA í New York fyrir nokkrum árum að þá var sérstök Salvador Dali-sýning á efstu hæð safnsins, ég hafði ekki hugmynd um þetta svo þarna rölti ég um grenjandi glöð. Ég grínast eigi, vinkonur mínar neituðu að þekkja tárvota, skælbrosandi aðdáandann.

### Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?

Ballettkokkur eins og Hjalti vinur minn er með á sínum plönnum. Mig langar að vinna við það sem mér þykir skemmtilegast að gera. Teikning, hugmyndavinna og persónusköpun fyrir ýmsa miðla. Mig langar jafnvel að vera komin með mitt eigið fyrirtæki og sinna einhverskonar hjálparstarfi. Lengi dreymdi mig um að verða leikkona. Ætli við Stefán, besti vinur minn, verðum ekki komin með sjónvarpsþáttinn "Lífið á Baróns", svona on the side.

### Hvað er á döfnni?

Ég held mína aðra einkasýningu núna í maí. Þar mun ég í fyrsta sinn halda sýningu með alvöru Veruverkum. Fyrsta sýningin mín var svöldið lituð af því sem ég var að læra í skólanum á þeim tíma. Núna ætla ég að leyfa fólki að sjá aðeins meira af því sem virkilega lýsir mér sem listamanni.

# LJÓSMYNDAKEPPNI ÍSLANDS

VERTU MEÐ  
Í FJÖRINU

595 6000  
www.skjareinn.is



Ingrid



Ada



Oddvar



Jóhann



Snorri



Guðbjörg



Hulda



Helgi



**E EIMSKIP**  
YFIR HAFID OG HEIM

**HEFST 28.MARS**

Farðu inn á [mbl.is](http://mbl.is) og spreyttu þig á sama myndefni og keppendur. Stórglæsileg verðlaun.

[mbl.is](http://mbl.is)



SKJÁREINN

## APPADU ÞIG Í GANG...

### Mælir allar þínar ferðir

Moves heitir smáforrit sem nota má í iPhone-símum. Við notkun þess breytist síminn í skrefamæli og þannig geturðu fylgst með því hve mikið þú hreyfir þig á degi hverjum. Ekki nóg með að það telji skrefin þín heldur getur það líka fylgst með öllum þínum ferðum. Því getur þú fylgst með því hvað þú hjólar, gengur og keyrir mikið í þínu daglega lífi og forritið birtir fallega yfirlitsmynd yfir allt flakkið. Þó ber að athuga að forritið hefur neikvæð áhrif á rafhlöðuendinguna enda er það virkt svo gott sem allan daginn. Appið er ókeypis í App Store.



## BÆTINGARÁÐ BERGS



### Varastu að ofhuga hluti

Ekki ofhuga hlutina of mikið. Það er stanslaust verið að segja okkur hvenær við eigum að borða og æfa og hvað við eigum að borða og æfa. Hvaða æfing sé best, hvaða fæðubótaefni sé best. Hvað virkar og hvað ekki. Þetta þarf ekki að vera svona flókið. Byrjaðu bara að æfa, ekki hugsa um neitt annað en að koma æfingunum í rútinu. Taktu þetta bara í litlum skrefum. Það er algjör óþarfi að ætla sigra heiminn á einu kvöldi.

Bergur Hallgrímsson er fyrrverandi frjálsíþróttamaður, matgæðingur og tölvunörd. Hann starfar sem ÍAK-einkþjálfari hjá Reebok Fitness. Sendu inn þína spurningu á [baeting@bergur.is](mailto:baeting@bergur.is)

## ÍSL-ENSKUR TEXTI

### Allt eftir það var hiti

Það getur verið gaman að leika sér að þýða alls kyns texta með hjálp Google-þýðingarvélarinnar. Oft og tíðum verða enskir söngtextar ansi hnyttir þegar þeim er snarað yfir á móðurmálið með hjálp tölvunnar.



### Rihanna-Stay

All along it was a fever  
A cold sweat hot-headed believer  
I threw my hands in the air and said, "Show me something,"  
He said, "If you dare come a little closer."  
Allt eftir það var hiti  
A kaldur sviti heitt-headed trú  
Ég kastaði hendur mínar í loftið og sagði: "Sýndu mér eitthvað,"  
Hann sagði: "Ef þú þora að koma aðeins betur."

## EINTÓM ÞVÆLA



Það er snilld. Það var nú alveg ástæða fyrir því að ég gaf þér þessa peysu. Þú ert sönn kempa.

Ég ætla að gefa út þessa bók hérna sem segir frá því hvað ég er mikil kempa.

Meistarinn og kempan Þráinn Þrándur Þrastarson ætlar loksins að gefa út kempubókina sem allir hafa beðið eftir.

## Snjallsímanotkun á klósettinu

Undirritaður dauðskammast sín fyrir að byrja pistil þennan á eftirfarandi orðum, en á dögunum var ég stoppaður af lögreglunni fyrir að tala í farsíma undir stýri. Það er kjánaskapur að gera sig sekan um slík mistök og ég iðrast mjög en skrifum þessum er engu að síður ætlað að varpa ljósi á annað. Þessi mistök voru nefnilega bara einn angur af heljarstöru vandamáli.



Við lifum á tækniöld þar sem nánast hver einasti dagur virðist bera í skauti sér nýja tækniframfarir sem gjörbyltir einhverjum þætti hversdagsleikans og eykur jafnframt á leti manns. Það er munaður að lifa á slíkum tímum, en munaðinum fylgir þó einnig vandamál, svokallað lúxusvandamál.

Tæknin gerir manni nefnilega kleift að nýta tímann sinn of vel, ef svo má að orði komast. Það er aldrei fullnægjandi að vera bara að einbeita sér að einum hlut í einu, þess í stað finnst manni maður alltaf þurfa að vera að samþætta allar aðgerðir („múlti-taska“) öllum stundum.

Sam dæmi má nefna veraldarvefinn, sem er svo geigvænlega stór og óþrjótandi lind upplýsinga að maður „neyðist“ einhvern veginn til þess að skoða helling af hlutum í einu á netinu til þess að ekkert, hvorki fróðleikur né tími, fari nú til spillis. Snjallsíminn er þó sennilega mesta skaðræðistólið í þessum efnunum. Munaðurinn sem honum fylgir er til dæmis sá að hann gerir manni kleift að stytta sér stundir með fréttalestri eða tölvuleikjaspilun hvar og hvenær sem er en í því er vandamálið eiginlega einnig fólgið. Ég get varla stokkið á klósettið lengur án þess að finnast ég verða að nýta tímann til að spila Candy Crushers. Svei mér þá ef hluti af þessum pistli var ekki bara skrifaður á klósettinu\*.

Til hvers geri ég þetta? Mun ég ná eitthvað lengra í lífinu ef ég næ að „nýta“ hverju einustu sekúndu dagsins? Ef ég næ að smyrja ristaða brauðið mitt á sama tíma og tala í símann og klæði mig í sokka? Ef ég næ að svara SMS-skeyti á meðan ég er að hjóla og hlusta á tónlist?

Öllu veigameiri vangaveltur eru líklega hvort maður þurfi ekki að bregða út af þessum ávana áður en maður veldur öðrum eða sjálfum sér skaða með þessari vitleysu, því vissulega getur þetta boðið hættunni heim – til dæmis ef maður beinir ekki óskiptri athygli sinni að umferðinni þegar maður er undir stýri.

Mun mín kynslóð kannski ekki fagna sama langlífi og menn vilja vera láta heldur þvert á móti brenna út langt fyrir aldur fram vegna alltof örs lífstíls? Veltið þessu endilega fyrir ykkur. Sjálfur má ég ekki vera að því – ég er að reyna að borða hérna á sama tíma og ég klára þennan skokkhring.

\*Til ykkar sem hafið fengið símann minn lánaðan: Örvæntið eigi, ég sóthreinsa símann minn eftir hverja einustu klósettferð.

## ORÐ Í BELG

Einar Lövdahl Gunnlaugsson  
einar@monitor.is @EinarLovdahl



VIKTOR OG BRYNJAR ERU ALLTAF SLAKIR Á KANTI

## FRASAKÓNGARNIR

### Neyðarpulla

Þegar þú ert svangur og ert á hraðferð eða orðinn of seinn eitthvert þá neyðistu til að fara í bílalúgu og slafra í þig puls.

Í hverri viku munu Frasakóngarnir Brynjar Ásgeir og Viktor Örn kenna okkur nýjustu frasana og orðin svo við getum verið fersk í umræðunni hverju sinni.



## 8 villt lög

Monitor tók saman átta lög sem eru ekki öll þar sem þau sýnast

### 1 Hotel California - EAGLES

Hversu spes hótél? Hótelið sem ernirnir góðu vísuðu til er að sjálfsögðu ekkert Hilton heldur myndhverfing fyrir eiturlýfjakfn.

### 2 Afternoon delight - STARLAND VOCAL BAND

Ljúf melóðían gefur til kynna að hér sé um að ræða hugulegt lag sem amma þín og afi geta hlustað á yfir morgunkaffinu en þú vilt hinsvegar líklega ekki hugsa um þau í tengslum við síðdegiskynlíf sem er einmitt efni textans.

### 3 Öll lög með orðinu „LOLLIPOP“

Nei, þau fjalla ekki um sleikjó.

### 4 Every breath you take - THE POLICE

Rómantískt að Sting sé alltaf að passa þig? Nei, Sting er eltihrellir sem fylgist með þér hvert sem þú ferð.

### 5 American Pie - DON MCLEAN

Þegar Mclean kveður eplabökuna er hann í raun að syngja um dauða Buddy Holly, Richie Valens og The Big Bobber.

### 6 Lucy in the sky with diamonds - THE BEATLES

Sumir segja að lagið fjalli um LSD en Lennon hélt sjálfur fram að innblásturinn að laginu hafi komið af teikningu sem sonur hans gerði í leikskóla.

### 7 Ben - MICHAEL JACKSON

Fallett lag um vináttu, nema hvað vinurinn er rotta.

### 8 Summer of 69 - BRYAN ADAMS

Sumarið 1969 eða sumarið sem Bryan stundaði mikið af 69? Hann var allavega bara 10 ára árið 1969 en kannski var hann bara svona kúl gaur.



## VÍSINDAVEFURINN

### Af hverju heitir hún kokteilsósa?

Orðið kokkteill, kokteill er fengið að láni úr ensku cocktail. Það merkir orðrétt 'stél á hana', (cock 'hani', tail 'stél'). Samkvæmt Oxford English Dictionary var farið að nota orðið yfir blandaða áfenga drykki þegar í upphafi 19. aldar en skýringin á því hvers vegna þetta orð var notað virðist týnd.

Elstu dæmi um orðið kokteill (kokkteill) í seðlasöfnum Orðabókar Háskólans eru frá upphafi 20. aldar. Frá sama tíma er einnig íslenska orðið 'hanastél', bein þýðing sem var nokkuð notað um tíma. Ýmsar samsetningar tengjast orðinu eins og til dæmis kokteillboð um samkvæmi þar sem boðið var upp á kokteill og aðra áfenga drykki en einnig kokteillpulsur, litlar pýlsur sem gjarnan var dýft í kokteilsósu, nú oftartómatsósu eða sinnep. Kokteilsósan fékk þannig nafn á sínum tíma af því að vera borin fram með meðlæti í kokteillboðum.





**BENNI, FRIKKI OG FANNAR**  
GÚFFA Í SIG BORGARA



### Gulrótarkaka

Strákarnir vilja þó ekki skilja svona við súkkulaðimjólkina og umræða kviknar um hversu vel bakkelsi myndi passa með súkkulaðimjólkinni. Í framhaldinu plata strákarnir kokkinn til að færa sér gulrótartertu annars vegar og súkkulaðiköku hins vegar. Þannig geta þeir smakkað súkkulaðilausa köku með dryknunum en um leið prófað „double chocolate“, eins og Fannar orðar það. „Mér finnst eitthvað rómantísk við að geta drukkið súkkulaðimjólki með kjöti, það er svona gamli skólinn. En það er eitthvað sem segir mér að kökurnar muni hafa vinninginn,“ segir Fannar. Fyrst bragða piltarnir á gulrótarkökunni og sælan leynir sér ekki á andlitum þeirra. „Ég er gulrótarkökudrengur,“ segir Frikki og félagar hans taka undir það. „Þetta er að dansa,“ segir Fannar augljóslega ánægður með samsetninguna. Allir eru þeir sammála um að gulrótarkakan passi vel með súkkulaðimjólkinni.

# Gulrótarkökudrengur og gráðaostastrákur

**Monitor fékk Hraðfréttabræðurna Benna og Fannar og góðvin þeirra, tónlistarmanninn Friðrik Dór, til að renna hinum ýmsu réttum niður með súkkulaðimjólki.**

Á Íslandi hefur kókómjólki alltaf verið nánast límd við snúða, kleinur og kringlur en þeir sem hafa komið til útlanda vita að þar er mjólki með súkkulaðibragði stundum drukkin með pylsum og jafnvel hamborgurum. Monitor er alltaf opið fyrir erlendum áhrifum og þess vegna ákváðum við að fá nokkra annálaða matgæðinga og heimsborgara til að smakka súkkulaðimjólki með mat og athuga hvort íslenskir brauðlaukar sé tilbúnir fyrir þennan erlenda sið.



### Penne-pasta

Næst er penne-pasta með furuhnetum og rjómasósu borið á borð og fellur það strax í grýttan jarðveg. Friðrik er þó opnari fyrir samsetningunni en Hraðfrétta-bræðurnir. Þrátt fyrir að pulsar, jafnvel beikonvafðar, og súkkulaðimjólki séu klassik í nágrannalöndunum nær beikonið í pastanu ekki að koma því í álit hjá dómnefndinni. „Það er helst brauðið sem fylgir sem bjargar því sem bjargað verður,“ segir Frikki.



### Súkkulaðikaka

Og þá er að sjá hvort það sé einfaldlega of mikið súkkulaði í súkkulaðiköku- og súkkulaðimjólkurkombóinu. Súkkulaðikakan er borin fram með ís. „Kaka, ís, mjög gott kombó,“ segir Frikki en hann segir þó að hér sé um of mikið súkkulaði að ræða og að þetta sé of þungt kombó. „Ég var að vona að ísinn myndi redda þyngslunum en það er bara betra að fá sér léttari gulrótarköku með mjólkinni,“ segir Frikki. „Þetta er gígantískt súkkulaðibragð,“ segir Benni en þó hrósa þeir allir kökunni í hásterkt. Þeir hefðu bara ekki endilega valið sér súkkulaðimjólki til að skola henni niður. Strákarnir eru sammála um að það hafi verið fróðlegt að smakka þetta allt saman, en niðurstaðan alls ekki komið á óvart. Súkkulaðimjólki sé einfaldlega best með brauði eða bakkelsi.



### Hamborgari og franskar

Fyrsti rétturinn sem borinn er á borð þeirra Benna, Fannars og Frikkar er sveittur hamborgari með frönskum á kantínunum. Drengirnir eru glorhungeraðir og byrja að slafra í sig nokkrum bitum áður en þeir fá sér sopa af súkkulaðimjólkinni. „Þetta er eins og að fá sér sjeik með búlluborgara,“ segir Frikki en þorði þó ekki að gefa samsetningunni of háa einkunn. Benni er sammála Frikki en Fannar er ekki eins opin fyrir því að blanda saman kjöti og súkkulaðimjólki. „Mér finnst mjólkin gefa kjötinu ákveðinn keim,“ segir Fannar en er alls ekki að lofsyngja þann keim í þessu tilfalli. Hann bætir því við að gaman sé að þæla í því hvað mjólki var algeng með mat hér í gamla daga. „Ég þekki mann sem drekkur mjólki með fiski,“ bætir Fannar við. Benni tók undir umræðuna: „Vatnið var alltaf til en það var bara enginn sem drakk það með mat.“ Friðrik segir að brauðið og osturinn á borgaranum hafi upp einkunnina á þessu kombói. „Ristað brauð með osti hjá mömmu fengi líklega 10,“ segir Fannar.

### Pizza

Glóðvolg pítsa fylgir í kjölfarið og strákarnir eru bjartsýnir á að þarna sé á ferðinni góður félagi súkkulaðimjólkurinnar. En kokkurinn lagði gildru fyrir dómnefndina með því að setja gráðaost á pítsuna og kombóið breyttist í martröð hjá Frikki og Fannari. Einn biti virðist nægja hjá þeim og ef vel ætti að vera þyrfti að endurtaka þennan leik með einfaldari pítsu. Benni setur gráðaostinn þó ekkert fyrir sig. „Ég er gráðaostastrákurinn,“ segir hann og skellir í sig öðrum bita. „Ég er alveg opin fyrir gráðaosti,“ segir Friðrik. „En þetta virkar alls ekki hér í dag.“ Fannar tekur í sama streng: „Ég er að reyna að venjast gráðaosti en það hefur bara ekki gengið.“



### Sesar-salat

Síðasti aðalrétturinn sem borinn er á borð er Sesar-salat. Fannar og Friðrik eru áfram dómharðir. „Er ég Simon Cowell í Idol-inu?“ spyr Fannar. „Þá hlýt ég að vera Paula Abdul því ég gef langhæstu einkunnirnar hérna,“ segir Benni. „Ég er svo góður við alla.“ Beikonið í pastanu hefur mikil áhrif á niðurstöðuna hjá Frikki og heildareinkunn allra réttanna í raun er ekkert til að hrópa húrra fyrir.



Myndir/Golli



# VIKA TIL STEFNU

Helgi Snær og Hulda eiga það ekki eingöngu sameiginlegt að heita nöfnum sem byrja á bókstafnum H heldur eru þau heltekin af miklum áhuga á ljósmyndun. Það er því vel við hæfi að þau séu á meðal þeirra átta sem taka þátt í úrslitunum í Ljósmyndakeppni Íslands sem hefst á Skjá einum eftir eina viku. Monitor óskar keppendum góðs gengis.



## HELGI SNÆR

**Fyrstu sex:** 030691.  
**Uppruni:** Seyðisfjörður.  
**Staða:** Ljósmyndari og bloggari.  
**Maki:** Kasper Kramer.  
**Æskudraumur:** Að vera leikari, helst leika í mynd með Jackie Chan, undirbjó mig mikið fyrir það í garðinum mínum hér í den.  
**Framtíðardraumur:** Þeir eru nokkuð margir. Mig langar að opna kaffihús, ísbúð, hanna fatalínu, eiga gallerí, eignast stóra fjölskyldu, mynda um allan heim, leikstýra kvikmynd, læra á píanó og fleira ... og jú auðvitað bara vinna við það sem ég elska.  
**Fyrirmynd í lífinu:** Foreldrar mínir, eskulegasta, hjartahlýjasta og indælasta fólk sem hægt er að hugsa sér.  
**Fyrirmynd í ljósmyndun:** Ég get ekki valið á milli Steven Meisel, Tim Walker og Silju Magg. Blanda af þeim öllum er mín fyrirmynd, má það?  
**Ef þú værir ljósmynd hvaða ljósmynd værir þú?** Ætli ég væri ekki bara ein af myndunum hans Ragnars Axelsonar (RAX), fullar af ævintýrum og einlæggar.

## HULDA

**Fyrstu sex:** 290194.  
**Uppruni:** Miðbærinn.  
**Staða:** nemandi í 6.B í MR.  
**Maki:** Enginn.  
**Æskudraumur:** Atvinnudansari.  
**Framtíðardraumur:** að ferðast á framandi staði, upplifa nýja hluti og geta unnið við ljósmyndun.  
**Fyrirmynd í lífinu:** Amma mín, Hulda, af því hún gafst aldrei upp.  
**Fyrirmynd í ljósmyndun:** engin ein sérstök fyrirmynd en af íslenskum ljósmyndurum finnst mér til dæmis Silja Magg og Anna Ósk taka æðislegar myndir.  
**Ef þú værir ljósmynd, hvaða ljósmynd værir þú?** Ætli ég myndi ekki vilja vera eitthvað draumkennt.



# Fyrir þremur árum



## tónlist

Freyr Árnason  
monitor@monitor.is

Freyr Árnason steig upp í tímavél og skoðaði tónlistarlandslagið fyrir þremur árum þegar Monitor hóf vikublaðsútgáfu sína

Þar sem Monitor fagnar nú þriggja ára afmæli sínu sem vikublað Morgunblaðsins er ekki úr vegi að rifja aðeins upp hvað var að gerast í heimi popptónlistarinnar á þeim tíma sem fyrsta tölublaðið leit dagsins ljós. Hér er brot af því sem var að gerast fyrir nákvæmlega þremur árum.



Vinsælasta lag Billboard-listans ameríska var Rude Boy með Rihönnu.



Á sama tíma var vinsælasta lagið á Tónlist.is: Thank You með Diktu.

T.I. lauk afplánun sinni vegna vélbyssu-dómsins fræga sem við rituðum um í síðasta blaði.



Meðan einn fór úr steininum fór annar inn. Lil' Wayne tók út sína refsingu fyrir nákvæmum þremur árum en vikurnar áður en hann fór inn skaut hann yfir 30 tónlistar-myndbönd.



Lady Gaga sem hefur lítið sést undanfarið var að gera allt brjálað. Var með lögin Bad Romance og Telephone á flestum topp 10-listum í heiminum.

Fyrsta plata Justins Bieber sem var þá nýorðinn 16 ára kom út. My World 2.0 hét hún og innihélt meðal annars lagið Baby. Síðan þá hafa verið starfræktir trúarhópar um allan heim sem fylgja grey drengnum hvert sem hann fer.



Nafni hans Timberlake var á þessum sama tíma búinn að gefa það út að hann væri hættur í tónlistinni í bili og var við tókur á stórmyndinni Bad Teacher þar sem hann lék óaðfínanlega á móti Cameron Diaz. Einhvern tímann á þessum þremur árum áttaði hann sig samt á því að hæfileikar hans væru betur nýttir í söng en gamanleik.



Það prýðisgóða lag Dog Days Are Over með Florence & The Machine kom út.

Boyzone, ef einhver man eftir þeim, komu með kombakk-plötu eftir næstum 12 ára hlé. Því miður sér ekki ennþá fyrir endann á endurkomunni og er nýjasta afurð þeirra bræðra víst á leiðinni.



Endurkoma Boyzone lagðist ekki vel í alla og lagði goðsagnakennda rokkbandið Dio upp laupana eftir næstum 30 ára feril.



Enginn í hinum vestræna heimi hafði hugmynd um hvert Gangnam Style-undrið PSY var en á þessum tíma var hann nærri gjaldþrota að gefa út sína fimmtu plötu.



# TYGGÐU EXTRA

## EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ



Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmí

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeyninga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

# Unga fólkkið var, er og verður í stuði

Raggi Bjarna segir tónlistina sálarkonfekt sem hjálpar fólki. Söngvarinn síkati ræddi við Monitor um tónlistar- og leigubílstjórabransann, rapphæfileikana og bréfið sem breytti öllu.

**P**egar Ragnar Bjarnason söng sitt fyrsta lag inn á plötu var enn vinstri umferð hérlendis, Ísland hafði ekki enn eignast Nóbelskafa og heimsbyggðin hafði aldrei einu sinni heyrt Bítlanu nefnda á nafn. Það er því ótrúlegt að hugsa til þess að um sex áratugum síðar sé söngvarinn ástsæli enn að gefa út lög sem rata í efstu sæti vinsældalista útvarpsstöðvanna en nýjasta dæmið um það er hið hugljúfa lag Þannig týnist tíminn. Raggi Bjarna hefur með hressleika sínum og sjarma fyrir löngu síðan skapað sér sess sem ódauðlegt nafn í íslensku tónlistarsögu. Það var því sannkölluð unun fyrir undirritaðan að setjast niður með þessari glöðværu göðsögn og ræða við hana um bransann og tilveruna.

Texti: Einar Lövdahl einar@monitor.is  
Myndir: Styrmir Kári styrmirkari@mbli.is

**Þú hefur skemmt fólki áratugum saman sem söngvari frá því að þú varst unglingur. Má ekki segja að þú hafir fæðst með tónlist í blóðinu?**

Það má kannski segja það að því leyttu til að pabbi og mamma fengust bæði við tónlist. Pabbi minn hét Bjarni Böövarsson og starfaði sem tónlistarmaður og stofnaði Félag íslenskra hljómlistarmanna árið 1932. Mamma hét Lára Magnúsdóttir og hún var söngkona, söng bæði dægurlög sem sólsöngkona og með kórum í 40 ár. Ég átti alveg yndislega æsku. Við bjuggum í Lækjargötunni til að byrja með og þar man ég fyrst eftir mér. Síðan áttu mamma og pabbi sumarhús úti á Seltjarnarnesi, ég á minningar þaðan í kringum stríðsárin. Seinna fluttum við upp í Meðalholt og þá varð algjör sprenging í félagslífinu hjá mér af því að hverfið var alveg fullt af krökkum. Þar var endalaust líf og fjör og á þessum árum kynntist ég mörgum góðum mönnum, til dæmis Ómari Ragnarssyni.

**Hvernig var skólagangan þín?**

Ég gekk í Miðbæjarskólann og fór svo í gagnfræðaskólann, Ingimarskóla, en þegar honum var lokið fór ég bara að spila tónlist á fullu. Ég var upphaflega trommari, fékk trommusett í fermingargjöf og var svo heppinn að fá að byrja fljótlega eftir það að spila með svaka flottum músiköntum. Það þótti nú ekki sjálfsgætt að fá trommusett á þessum tíma en ég nuðaði og það skilaði árangri. Ég spilaði síðan á trommur í mörg ár. Ég byrjaði í raun ekki að koma fram sem söngvari fyrr en um 18-19 ára aldurinn, þó svo að pabbi minn hafi reyndar fengið mig til að syngja lag og lag inn á svokallaðar lakkplötur þegar ég var aðeins yngri. Lakkplötur voru merkileg fyrirbæri. Það má segja að þær hafi verið segulbönd síns tíma, en það var nefnilega bara hægt að spila hverja plötu tvisvar eða þrisvar sinnum.

**Kemur enn fyrir að þú takir í trommukjúdana?**

Það er nú mjög sjaldgæft. Ég var reyndar einu sinni að syngja með Stór-sveitinni og trommarinn komst ekki á æfingu þannig að ég bauðst til þess að tromma. Það var ferlega skemmtilegt en ég var svo lurkum laminn daginn eftir að ég gat ekki hreyft mig.

**Þú tókst meiraprófið um tvítugt og gerðist leigubílstjóri hjá BSR. Varst þú farsæll leigubílstjóri?**

Ég var voða flottur á því á þessum árum, keypti mér svaka bíl, Kaiser, og svo 130 fermetra fohhelda hæð úti á Seltjarnarnesi. Síðan nennti ég hins vegar eiginlega aldrei að keyra neitt, ég var óttalegur letingi í leigubíla-veseninu. Ég var fyrst og fremst að gera út tvo bíla á

**Þeir reiknuðu ekki með því að gamli djammariinn gæti komist í svona mikið stuð og þeir enduðu á að þurfa að draga mig út þegar komið var undir morgun.**

tímabili. Það kom svo sem fyrir að ég keyrði sjálfur, til dæmis eru til sögur af mér þar sem ég keyrði fólk á ball á Hótel Sögu, söng sjálfur á ballinu og skutlaði síðan fólkinu heim aftur að ballinu loknu. Ef ég þurfti að keyra á nóttunni þá keyrði ég aðallega krakkana. Þegar ég keyrði fullorðið fólk sem sá hver var undir stýrinu gat ég lent í því að festast í einhverju spjalli við það í tvo klukkutíma sem hentaði ekki beint vel á háannatíma leigubílstjórans á meðan unga fólkkið var ekkert að kippa sér upp við hver væri að keyra. Þau voru bara að kyssast og hafa það huggulegt (hlær).

**Hvað er það fyrsta sem þú hugsar um þegar ég minnst á lagið Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig?**

Kaupmannahöfn, af því að þar var lagið tekið upp. Það var voða gaman að þessu af því að KK, Kristján Kristjánsson, sem stjórnaði KK-sextettinum og ól mig svolítið upp í þessum bransa, var með mér úti í þessum upp-tökum og ég náði að sannfæra hann um að spila inn á lagið á saxófón. Síðan varð þetta lag svo rosalega vinsælt að ég er ennþá að syngja þetta og unglingarnir kunna þetta lag meira að segja, 53 árum seinna. Ég fíla rosalega að syngja þetta og það gildir um allt sem hef sungið. Ég er oft spurður hvort ég verði ekki leiður á því að syngja þetta lag eða hitt en svara því alltaf neitandi, ég gæti sungið öll þessi lög milljón sinnum.

**Það er óhætt að fullyrða að tónlistarbransinn hérlendis hafi breyst frá því þú varst að taka þín fyrstu skref. Hvað með unga fólkkið, hefur það breyst mikið í gegnum tíðina?**

Nei, ég held ekki. Ég er nú búinn að vera að syngja fyrir krakka alveg síðan ég byrjaði og ég sé bara engan mun. Unglingar eru bara í stuði, það er bara þannig. Þeir voru í stuði, þeir eru í stuði og þeir verða í stuði (hlær).

**Fer Raggi Bjarna á djammíð?**

Ég er nú eiginlega búinn að draga mig alveg til hlés í þeim efnunum, þó svo að maður hafi náttúrulega lyft sér á kreik af og til herna í gamla daga. Nú fer maður kannski í mesta lagi bara út að borða og svona. Ég man að ég fór síðast að djamma á balli á Kaffi Reykjavík, þannig að það var líklega fyrir frekar löngu. Það var þegar sonur minn og vinir hans drógu mig með sér. Þeir reiknuðu ekki með því að gamli djammariinn gæti komist í svona mikið stuð og þeir enduðu á að þurfa að draga mig út þegar komið var undir morgun. Ég hafði svo gaman af því og dansaði alveg eins og brjálæðingur. Þeir hlógu mikið að því hvað það var erfitt að ná mér af dansgólfinu (hlær).

**Með aukinni hnattvæðingu hefur það færst í aukana að íslenskir tónlistarmenn fari í útrás með tónlist sína. Má ekki segja að þú hafir farið í einhvers konar útrás til Skandinavíu?**

Ég fór til Skandinavíu í vissum ævintýrahug. Á þessum tíma var ég laus og liðugur og ákvað að fara í einhvers konar skemmtiferð til Skandinavíu. Ég fór sem sagt ekki

beint út sem tónlistarmaður en fór svo að gamni að syngja með norskum strákum á klúbba í Kaupmannahöfn og þangað mætti einhver umboðsmaður sem réð okkur og upp frá því fórum við að þvælast um Skandinavíu í tæp tvö ár.

**Hvernig leið það undir lok?**

Ég fékk bréf frá Svavari Gestis, vini mínum, sem breytti öllu. Ég hafði sungið mikið með Svavari áður en ég fór út og í bréfinu bað hann mig að koma heim af því að hann ætlaði að snúa sér að plötuútgáfu en vildi taka lokaár í Súlnasal Hótel Sögu með okkur Ellý. Þá vorum við skandinavísku strákarnir orðnir dálítið vinsælir og áttum að fara á eitthvert flakk um Evrópu og meira að segja til Suður-Ameríku á einhverju skemmtiferðaskipi. Ég var bara einmitt á leiðinni að skoða einhvern samning við umboðsmanninn þegar konan af hótelinu úti kom á eftir mér með þetta bréf. Þegar ég sagði umboðsmanninum frá því að ég væri hættur og ætlaði heim til Íslands, þá varð hann alveg bálreiður. Þetta var stór og mikill risi og þegar hann barði í borðið þá fór það bara í tvennt svo ég hljóp bara út (hlær). Á þessum tíma var ég orðinn þrítugur og búinn að kynnað konunni þannig að ég var voðalega tvístígandi með að fara í þessa ferð með hljómsveitinni en bréfið veitti mér nýtt tækifæri sem mér fannst mun meira spennandi.

**Þú hefur sem sagt ekki verið upptekinn af því að sigra heiminn?**

Nei, ég hef aldrei verið neitt sérstaklega æstur í það. Ég fór einu sinni til Ameríku að syngja í Kanada, Seattle, Los Angeles og New York og þegar ég var á hótelinu í New York fékk ég símhringingu frá manni sem bauð mér að koma í prufu hjá Johnny Carson, forvera Jays Leno. Ég svaraði bara: „Æ, ég geri þetta seinna.“ Maður var náttúrulega ungur og hreinlega ekki tilbúinn í eitthvað svona. Þetta er mjög „töff business“ og þessir krakkar sem eru að fara svona út í dag verða að passa sig að gleypa ekki við hverju sem er af því að innst inni eru það peningar sem stjórna þessu. Stóru mennirnir í þessum bransa eru ekki að þessu af gæskunni einni saman. Ég ráðlegg því öllum sem hafa áhuga á að prófa að fara svona út að vera varkárir.

**Myndir þú segja að allar tónlistarstefnur sem sprottið hafa fram síðan þú byrjaðir í bransanum höfði til þín?**

Ég hef eiginlega getað tengt við allt með einhverju nema móti nema kannski harða rokkið, það hefur aldrei beint heillað mig. Ég er samt ekkert ósáttur við harða rokkið en það má kannski segja að ég hafi ekki beint skilning á því.

**Engu að síður hefur þú sungið eitt frægasta grug-grokklag allra tíma, Nirvana-lagið Smells Like Teen Spirit, sem þú tókst með Milljónamæringunum.**

Já, það var mjög skemmtilegt. Það var Karl Olgeirsson sem kom með þetta lag til mín í sinni eigin útsetningu og þá hafði ég aldrei einu sinni heyrt á þetta lag minnst. Ég sagði bara: „Hvaða lag er þetta? Viltu virkilega að ég syngi það?“ en Kalli lét ekki segjast þannig að ég endaði með að láta á þetta reyna. Þetta kom síðan út á plötu sem Páll Óskar söng líka á svo að við Páll vorum við fengnir í útvarpsviðtal til Óla Palla á Rás 2. Þar fór hann að spyrja mig út í einhvern Kurt Cobain og ég spurði bara á móti: „Hver er það eiginlega?“ Viðbrögðin voru þannig að ég hélt að Óli Páll ætlaði að detta úr stólnum, honum fannst svo stórkostlega fyndið að ég hafði ekki heyrt um Kurt Cobain né Nirvana. Hann spilaði síðan fyrir mig orgínalinn og þá heyrði ég þá útgáfu í fyrsta skipti, sem er þetta svakalega rokklag. Þetta var voðalega gaman allt saman og þessi útgáfa vakti líka mikla lukku og var meira að segja spiluð á útvarpsstöðvum víða um heim.

**Þú söngst eftirminnilega með XXX Rottweiler-hundum um árið í laginu Allir eru að fá sér. Þurfti Erpur Eyvindarson að suda í þér til að fá þig með í fjörið?**

Nei, alls ekki, ég rauk bara beint út í bíl þegar hann

## FLOTTUR JAKKI

**Hvað setur þú í hárið á þér?**


Vatn. Í gamla daga notaði maður auðvitað brilljantínið, mamma gamla var alveg vitlaus yfir því að koddarnir manns urðu eitt drullusvæð.

**Hvernig rakspira notar þú?** Ég nota lítið af svona ilmveseni og það hefur alla tíð verið þannig.

**Hvar kaupir þú helst fötin þín?** Að undanförunu hef ég keypt fötin mín í Herragarðinum og svo hef ég stundum komið við í verslun í Skeifunni þar sem maður fær ágætisföt á ekki svo háu verði.

**Bindi eða slaufa?** Bindi. Ég er mjög oft með bindi og hef síðan tekið eftir því þegar ég syng á menntaskólaböllum að ungu strákarnir eru dálítið oft með bindi sem ég kann mjög vel að meta.





það mig um þetta (hlær). Ég hafði óhemjuga gaman af því og mér finnst Erpur og þessir strákar alveg dásamlegir. Ég gerði svo sem ekki mikið í þessu lagi. Þeir prófuðu að láta mig rappa eitthvað en því var kippt út enda er ég líklega ekki alveg nógu góður rappari. Svo sagði ég einu sinni við Erp að ég skildi ekki alveg allan textann hans í laginu og spurði hvort hann vildi ekki skrifa eins og eina svona vísu niður fyrir mig, sem hann gerði. Upp frá því hef ég mætt með þetta lag þegar ég hef verið að skemmta í afmælum og öðrum veislum og þá rappa ég yfirleitt svona sjálfur eitt vers (hlær).

#### Fylgist þú almennt grannst með gangi mála í því sem er að gerast í íslenskrá tónlist?

Það má segja það og mér finnst þetta alveg dýrlegt. Nú er ég búinn að vera svona lengi í þessu öllu saman og fyrr eða síðar mun ég detta út úr þessu og þá er svo gaman að fylgjast með öllu þessa flotta unga fólki sem er að taka við. Ég fyllist bara stolti af þeim af því að þetta eru svo góðir fulltrúar tónlistarinnar. Það var ekki síst vegna þess sem ég fékk nokkra unga og flotta til að syngja með mér á nýjustu plötunni minni, Dúettar. Ég er reyndar alveg í skýjunum yfir plötunni og spurningin er bara hvort ég eigi að gera aðra svona plötu.

**Mér líður aldrei betur en þegar ég finn einhverja gleði hjá fólki sem maður hefur kannski átt smá-þátt í að veita sjálfur.**

#### Á plötunni Dúettar er einmitt að finna lagið Þannig týnist tíminn, sem komst meðal annars toppsæti Lagalistans.

Já, ég er rosalega ánægður með lagið. Bjartmar Guðlaugs hringdi í mig og sagði hafa verið með lag og texta í smíðum í heilt ár sem hann vildi að ég myndi syngja. Þá var ég akkúrat að fara að gera þessa dúettaplötu þannig að það hentaði svona líka ágætlega. Textinn er frábær og lagið er skemmtilegt og dálítið öðruvísi. Við fengum síðan Lay Low inn í þetta og útkoman er sú sem fólk þekkir í dag. Lay Low smellpassaði alveg inn í þetta.

#### Þann 12. maí næstkomandi fara fram tónleikarnir Vorkvöld í Reykjavík í Hörpu sem þú stendur fyrir ásamt Páli Óskari og Diddú. Hver er hugmyndin á bak við tónleikana?

Það er til svo mikið af ofboðslega flottum jólatónleikum en hugmyndin á bak við þessa tónleika var að halda veglega tónleika til að fagna vorinu. Við ákváðum að kalla þá Vorkvöld í Reykjavík af því að það er nú svona hálfpartinn þjóðsöngur Reykvíkinga. Þeir voru fyrst haldnir í fyrria og í ár verða það, eins og þú segir, við Páll Óskar og Diddú, ásamt hljómsveit, sem komum þarna fram. Þarna verður léttleikandi vorstemning sem ég hlakka mjög til að taka þátt í.

#### Að lokum, hvaða töfradrykk ert þú að drekka? Hvernig hefur þú haldið þér svona vel við?

Ég geri nákvæmlega ekki neitt, ég á engan töfradrykk. Ég er reyndar fegnastur því að ég hætti að reykja fyrir átta árum, ég reykti alveg til sjötugs og hafði þá reykt frá níttján ára aldri með einu eins árs hléi. Það var ein mín mesta gæfa að hafa hætt að reykja. Ég fagna áttæðisafmæli á næsta ári og það leggst bara ótrúlega vel í mig á meðan heilsan og röddin halda. Þetta snýst allt um það. Ég hef verið svo heppinn að ég hef ekki lent í neinum alvarlegum kvillum og tel mig því óskaplega heppinn. Ég reyni bara að vera sem aktífastur í því sem mér finnst skemmtilegast að gera, sem er að skemmta fólki. Mér líður aldrei betur en þegar ég finn einhverja gleði hjá fólki sem maður hefur kannski átt smá-þátt í að veita sjálfur. Músíkin hjálpar voðalega mikið og ekki bara mér. Fólk á að hlusta á músík því hún er sálarkonfekt.



## Á GERVIHNATTAÖLD

**Hvernig farsíma átt þú?** Ég er eins lítið tæknifrík og hægt er. Ég á Nokia-síma sem kostaði 6.000 kr. en hann virkar jafn vel og hver annar sími. Það eina sem ég þarf að gera er að hringja og kannski nota SMS. Ef ég gleymi því hvernig á að senda SMS, þá hringi ég í barnabarnið mitt sem er með þetta allt á hreinu.

**Átt þú tölvu?** Ég á enga tölvu og ég hef alltaf sagt að ég ætli ekki að fá mér tölvu fyrr en ég fer að eldast (hlær). Ef ég þarf að skoða eitthvað á netinu þá fæ ég bara einhvern til að aðstoða mig við það, það er svo mikið af góðu fólki í kringum mig. Í alvöru talað þá þarf ég nú eiginlega að fá mér tölvu en ég hef verið svo upptekinn að ég hef eiginlega ekki mátt vera að því.

**Hlustar þú á tónlist í iPod?** Nei, ég á heldur ekki iPod. Þegar ég hlusta þá geri ég það bara heima í græjunum sem eru bara með geisladiskspílara. Mig langar reyndar að kaupa mér vinyllötuspílara til að geta farið að spila gömlu 33-snúninga plötunum.






Seagull

# GÍTARAR

frábært úrval



## TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn

Tad: Give me a break, I just lost my wife and my goat.  
Win a Date With Tad Hamilton! (2004).



**SMS LEIKUR**  
9. HVER VINNUR!  
FJÖLDI VINNINGA

**PÁSKAMYNDIN 2013**

**THE CROODS**

**FORSÝND UM HELGINA**  
Stórskemmtileg ævintýramynd  
fyrir alla fjölskylduna  
með íslensku tali í 3-D og 2-D

**PÚ SENDIR SMS SKEYTIÐ**  
**EST CRO Á NÚMERIÐ 1900**  
PÚ FÆRD SPURNINGU OG SVARAR MEÐ SMS  
ESL A, B EÐA C Á NÚMERIÐ 1900.



**Geggjaðir vinningar!**  
Dælylkilsafylling frá Atlantsolíu- hámark 50 lítrar  
The Croods páskaegg nr. 4 frá Nóa Sírius með 2 miðum á myndina  
Sim City tölvuleikir  
Playmobil pakkar (Ævintýralínan)  
The Croods bíómiðar og margt fleira!

\*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 4. apríl 2013.  
Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi.  
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-ið.  
Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu. Leik lýkur 3. apríl 2013



**FRUMSÝNING HELGARINNAR**

## Safe Haven

Myndin hefst í Boston. Ung kona, Erin að nafni, er á harðahlaupum undan einhverjum, berfætt í rigningunni og skelfingu lostin. Henni tekst að komast naumlega undan þeim sem eltir hana með því að stökkva upp í rútu. Við hittum Erin aftur þar sem hún hefur komið sér fyrir í smábænum Southport í Norður-Karólínuríki þar sem hún hefur tekið sér nafnið Katie. Þar kynnist hún meðal annars ekklinum og einstæða, tveggja barna föðurnum Alex sem verður þegar hrifinn af henni. Katie telur sig hins vegar ekki geta byrjað í nýju sambandi vegna fortíðar sinnar sem hún vill fyrir alla muni halda leyndri. En Alex er hrifandi maður og svo fer að Katie lætur undan tilfinningum sínum í hans garð þótt hún viti að hún gæti hvenær sem er þurft að leggja á flóttu á ný.

**Leikstjóri:** Lasse Hallström.  
**Aðalhlutverk:** Julianne Hough, Josh Duhamel, Irene Ziegler og Jon Kohler.  
**Lengd:** 115 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 12 ára.

facebook.com/  
monitorbladid

VILTU  
VINNA  
MIÐA?

## KVIKMYND

### Karma is a bitch!

Broken City var frumsýnd í kvikmyndahúsum um liðna helgi og er glæpa-spennumynd með reynsluboltunum Mark Wahlberg og Russell Crowe í aðalhlutverkum. Leikstjóri myndarinnar er Allen Hughes sem sá um gangsta-myndirnar Menace to Society og Dead Presidents ásamt bróðir sínum Albert. Myndin fjallar um fyrrverandi lögreglumanninn Billy Taggart, leikinn af naglanum Mark Wahlberg, sem starfar nú sem einkaspjari í New York og sérhæfir sig í að koma upp um framhjáhöld. Hann fær verkefni frá borgarstjóranum, leikinn af kamelljóninu Russell Crowe, sem hann leysir af stakri þrýði. Þetta verkefni var samt ekki jafn einfalt og það leit út fyrir að vera í fyrstu og á það eftir að setja af stað atburðarrás sem kollvarpar lífi hans. Söguþráðurinn er þokkalegur og plottið ágætt, þó svo að það sé ekkert verið að finna upp hjólið. Leikstjórinn gerir svo sem lítið annað en að láta myndina bara rúlla í hlutlausum þangað til í endann þegar hann leggur henni. Tempóið var fínt, byrjaði hægt en vatt rólega upp á sig fram til loka. Það besta við þessa mynd er leikararnir. Ef það er eitthvað sem Mark Wahlberg er góður í þá er það að rífa kjaft, láta hnefana tala og skít-looka við það, þannig að hann var bara hann sjálfur. Russell Crowe var svínflottur sem borgarstjórinn, algjör maður fólksins en samt ekki. Hann getur leikið allt, hetju, skúr, töffara,



**BROKEN CITY**

ÍVAR ORRI ARONSSON



aula, nefndu það. Catherine Zeta-Jones var líka fín í aukahlutverki og Jeffrey Wright, sem er svo mikið „já, þessi gæi“, flottur líka. Í alvöru, það vita allir hver hann er, samt hefur hann aldrei leikið aðalhlutverk, algjört semi-celeb. Finasta mynd sem hefði getað orðið frábær með reyndari spennumyndaleikstjóra. Russell Crowe er samt frábær og það er alltaf gaman að sjá Mark Wahlberg grjótharðan að lumbrá á mönnum.







FRIENDS



SEINFELD



ARRESTED DEVELOPMENT

# Flæði vs. greind:

## flokkandi töl fyrir gamanþætti

Sælir sjónvarpsbræður og systur. Ég heiti Pétur og ég elska sjónvarpsþætti af ástríðu. Þá er ég ekki að tala um að mér finnst gaman að horfa á sjónvarpsþætti á kvöldin svona aðeins til að dreifa huganum og slaka á heldur erum við að tala um „capslock- týpuna“ af ást. Þessa sem gefur okkur gæðahúð á hálsinn, fiðring í magann og svar við spurningunni: „Til hvers er ég að þessu?“.



### Sjónvarpsþátta- pælingar Péturs

Pétur Örn Svansson  
monitor@monitor.is

**Flæði** Mjög skemmtilegir og þægilegir þættir sem auðvelt er að horfa á. Þátturinn líður átakalaust í gegn, maður þarf lítið að hugsa, áhorfendur í upptökuveri láta mann oftast vita hvenær skal hlæja og aðaláherslan er á að njóta. Svólítið eins og að borða popp, maður hakkar það bara hugsanalaust í sig og tilfinningin er góð. Útlit þessara þátta er heillandi, litirnir bjartir og bæði úti- og innisenur eru myndaðar í upptökuveri. Leikarahópurinn samanstendur yfirleitt af myndarlegu fólki eða feittum eiginmanni og heitri konu. Besta dæmið um þátt í þessum flokki er Friends. Hann má samt eiga það að hann hefur alls ekki gleymst, gaman er að horfa á hann aftur og tæpum tveimur áratugum síðar segir fólk enn „how jú dú-in“. Því tek ég dæmi um þætti eins og **Two and a Half Men, Community, King of Queens, Blue Mountain State og New Girl.**



TWO AND A HALF MAN



KING OF QUEENS



NEW GIRL

### Greind

Hér höfum við þann flokk sem ég tel vera lýsandi fyrir þá þætti sem flokka má sem tímalaus snilld. Húmorinn í þessum þáttum einkennist af djúpum og úthugsuðum bröndurum, svona bröndurum þar sem áhorfandinn upplifir sig greindan þegar hann fattar þá og við endurtekið áhorf er maður alltaf að uppgötva einhver ný og fyndin smáatriði sem maður tók ekki eftir við fyrsta áhorf. Þátturinn krefst einbeitingar svo neytandinn missir ekki af einhverri snilldinni. Í þessum þáttum koma oft fram skemmtilegar pælingar og hugtök sem gaman er að velja fyrir sér og frasar sem að vinahópurinn notar. Þetta er skref upp frá poppinu og er mér skapi næst að líkja þessu við humar í skel, það er smá vesen að eiga við skelina en þegar þessi ljúfi humarbiti umlykur bragðlaukana verður ekki aftur snúið. Það sést á því að þetta eru stundum þættir sem að er svólítið erfitt að komast inn í (humarskelin) og því margir sem gefa þeim ekki verðskuldað

tækifæri. Það verður þá til þess að svona „cult“ andrúmsloft myndast í kringum suma þessara þátta og þeir sem hafa séð þá geta vitnað í þá sín á milli og lítið niður á þá sem eru ekki með pælingarnar á hreinu. „Já já bið að heilsa Ross og Rachel,“ segir maður þá í hæðnistóni. Útlit þessara þátta er ekki eins kynþokkafullt og þeirra með meira flæði. Litirnir svólítið gráir, samtölin flóknari og meiri þagnir, sem útskýra líklega af hverju fólk er tregara til að gefa þeim tækifæri. **Dæmi um þætti í þessum flokki eru The Office, Arrested Development, Seinfeld, Curb Your Enthusiasm og Peep show.**



CURB YOUR

Ég vil taka fram að þessir flokkar eru ekki útilokandi. Þáttur sem fer í einn flokk getur líka átt erindi í hinn flokkinn. Mjög gott dæmi um þátt sem að dansar á línunni milli þessara flokka er Scrubs. Aftur á móti er annar þáttur sem reynir við línudansinn en hefur tekist misvel til. Þetta er How I Met Your Mother. Þeir byrjuðu vel og negldu hugtök eins og „Cheerleader effect“ og „Crazy-Hot scale“ við mikinn

fögnuð heimsbyggðarinnar og voru að gæla við greindarflokkinn. Aftur á móti hafa handritshöfundarnir farið eitthvað seint að sofa þegar á leið skrifin. Það varð til þess að þeir reyndu að þröngva inn hugtökum sem voru hvorki sniðug né í takt við annað sem var að gerast í þáttunum eins og „Drunk or a kid“ leikurinn sem þau spiluðu eitt sinn.

From the desk of Dr. TOBIAS FÜNKE  
Off to work,  
-P (Pétur)

# Skalli

Sá svalasti í bænum

## MJÓLKURÍS GAMLI ÍSINN

Skalli f • Ögurharfi 2 • 203 Kópavogi • Sími 567 1770 • Opið alla daga kl. 10 - 23



FARMERS MARKET  
VAKTI MIKLA LUKKU,  
RAMMÍSLENSKT OG  
VIRKILEGA FLOTT.



HUGINN MUNINN  
KOM SKEMMTILEGA  
Á ÓVART



MIKID SHJÓ  
HJÁ ELLA

# Reykjavík Fashion Festival

Reykjavík Fashion Festival fór fram síðastliðinn laugardag í Hörpu. Hátíðin tókst virkilega vel og voru sýningarnar ólíkar og skemmtilegar. Merkin sem sýndu í ár voru Andersen&Lauth, REY, Huginn Muninn, JÖR by Guðmundur Jörundsson, Farmers Market, ELLA og Mundi & 66°Norður. **Stíllinn** lét sig að sjálfsögðu ekki vanta og festi skemmtileg augnablik á filmu.



ALLT Á FULLU BAKSVIÐS



FÖRDUN FYRIR  
JÖR-SÝNINGUNA



ÞESSI LITLI TÖFFARI  
VAKTI ATHYGLI STÍLSINS



ROXANNE LOWIT,  
HEIÐURSGESTUR RFF



JÖR GERIR KVENLÍNU  
Í FYRSTA SINN



ÞESSAR MÆDGUR  
BRÆDDU MÖRG  
HJÖRTU



GLÆSILEGAR  
MÆDGUR



NÓG AÐ GERA  
HJÁ ÞESSARI  
FASHION-ISTU



LÍNA MUNDA OG 66°NORÐUR  
EINKENDUST AF MYNSTRUM MUNDA  
OG SNIÐI 66°NORÐUR. FLOTT LÍNA



FLOTTAR Í HÖRPU



TÍSKUSÉR-  
FRÆÐINGAR  
Á RFF



RITSTÝRUR NORSKA  
OG SÆNSKA ELLE



REY-LÍNAN VAR KYNPOKKAFULL OG FALLEG



JÖR VAR STJARNA DAGSINS VIRKILEGA VELHEPPNUÐ LÍNA

# stival 2013



ANDERSEN&LAUTH LÍNAN ER KVENLEG EN TÖFF UM LEIÐ



MIKIÐ AF FLOTTUM DETAILUM



MUNDI & 66°NORÐUR Í FULLUM UNDIRBÚNINGI

Myndir/Lisa Hafliðadóttir



KRISTÍN JÓNSDÓTTIR

## Útkoman frammar væntingum

**Dea Magazine** er veftímarit sem inniheldur eingöngu tískuljósmyndir en fyrsta tölublaðið kom út í desember og annað nú á föstudaginn. **Stíllinn** kynnti sér þetta spennandi blað örlítið betur.

### Hvað er Dea Magazine?

Dea Magazine er veftímarit með tískuljósmyndum, það eru engar greinar í blaðinu heldur aðeins ljósmyndir, í hverju blaði eru 5 eða fleiri ljósmyndarar sem mynda einn tiskupátt hver fyrir sig eftir fyrirfram ákveðnu þema, þemað í nýjasta blaðinu var rautt. Hægt er að nálgast blaðið á deamagazine.com og á facebook-síðu dea sem heitir einfaldlega Dea Magazine.

### Eru þið aðallega með íslenska ljósmyndara, eða eru líka erlendir?

Tímaritið er ekki eingöngu fyrir Íslendinga og hafa nokkrir erlendir ljósmyndarar tekið þátt og eiga þeir vonandi eftir að verða fleiri. Í þessum tveim tölublaðum sem nú þegar hafa komið út hafa verið 7 íslenskir ljósmyndarar og 5 erlendir, einn af þessum erlendu er hinsvegar búsettur á Íslandi en hinir fjórir eru annars vegar frá Evrópu og hins vegar frá Bandaríkjunum.

### Hvernig gekk gerð blaðanna tveggja sem komin er út?

Þaði tölublaðin hafa gengið mjög vel, fyrsta tölublað kom út í desember og annað tölublað núna seinasta föstudag. Margir hafa komið að blöðunum og allt er það yndislegt fólk og útkoman frammar væntingum. Viðtökurnar hafa einnig verið mjög góðar.

### Hvernig myndir einkenna blaðið?

Það sem einkennir blaðið sjálft er að í því eru einungis myndir en það sem einkennir myndirnar er erfiðari spurning þar sem hver myndarþáttur er með sínu sniði og hvert blað verður öðruvísi þar sem ljósmyndararnir mega nánast gera hvað sem er. Það sem hins vegar einkennir þær er að þetta eru tískuljósmyndir sem þýðir



KONSTANTINOS KATSIANIS

að yfirleitt er verið að sýna fót eða skart sem fengið hefur verið að láni í verslunum eða frá hönnuðum, það er þó ekki algjört skilyrði. Það sem einkennir síðan hvert blað er þemað. Í nýjasta blaðinu á liturinn rauður að tengja tiskupættina saman.

### Hvað er framundan hjá Dea Magazine?

Næsta tölublað kemur út í sumar og því er næsta skref hjá okkur að finna nýja ljósmyndara til þess að mynda, við erum með nokkra í huga sem okkur langar að hafa samband við en einnig er hægt að senda okkur póst á deamagazine@gmail.com eða hafa samband í gegnum facebook, það væri líka gaman að heyra frá hönnuðum og fleirum sem hafa áhuga á samstarfi. Við erum opin fyrir öllu og ætlum okkur að halda blaðinu gangandi sem lengst.



MICHALINA WOZNIAC



BIRTA RÁN BJÖRGVINDÓTTI



BLINKIT PHOTOGRAPHY

# Blátt áfram eins og Linda blinda

**Vigdís Perla Maack** tekur þátt í uppfærslu leikhóps Menntaskólans við Hamrahlíð á frumsamda verkinu **Skrín** og segist hún vera haldin hinni frægu leiklistarbakteríu

## VIÐÍÐ PERLA

Fyrstu sex: 240393.  
Hlutverk: Linda blinda.  
Uppáhaldsleikari: Ólafur Darri eða Hilmir Snær, ég get ekki ákveðið mig. Svo finnst mér Brynhildur Guðjónsdóttir ótrúlega flott.  
Uppáhalds Disney-persóna: Múfasa.  
Lagíð á heilanum þessa stundina: Al Thani.

## SKRÍN

Sýnt í Norðurpólinum. Miðasala í síma 661-8844 og á leikfelag.mh@gmail.com  
Næstu sýningar á sunnudag, 24. mars og þriðjudag, 26. mars kl. 20.

### Segðu mér eilítið frá leikritinu.

Leikritið heitir **Skrín** og er nafnið tvírætt því að skrin er jú skartgripa-skrín og svo er þetta líka skjár eða „screen“ á ensku. Verkið er nefnilega byggt á Youtube og internetinu og við í leikhópnum skrifu þetta með leikstjóranum. Við lærðum rosalega mikið á þessari aðferð og þessi reynsla mun nýtast okkur vel í framtíðinni í fleiru en bara leiklist. Leikstjórinn gaf okkur frjálsar hendur með karakter-sköpun þannig að í raun bjuggum við hvert til okkar karakter og svo var það í höndum leikstjórans að púsla þessu saman. Við lærðum líka mikið á því að taka þrjár vikur í að safna alls konar textum, myndum og myndböndum sem við byggjum svo söguþráð í kringum. Í leikritinu kynnumst við mörgum karakterum sem eru byggðir á vinsælum myndböndum af vefnum.

### Og er einhver boðskapur í verkinu?

Leikritið er ádeila á hvað allir eru lokaðir í sínu skríni. Fólk sýnir líka alltaf bara frontinn sem það vill sýna á internetinu en yfirleitt er eitthvað meira á bak við hjá hverri manneskju. Yfirleitt er fólk skemmtilegra í eigin persónu, eða hvað?

Já, eða akkúrat öfugt. Til dæmis eru til einstaklingar sem þykjast vera einhverjir allt aðrir en þeir eru á vefnum og tæla til sín ungar stúlkur.

### Og leynist þarna rauður þráður?

Þú sérð marga karaktera eins og þegar þú ert að vafra á Youtube. Þú byrjar að horfa á Magga mix og í hliðinni eru myndbönd sem Youtube mælir með fyrir þig. Og áður en þú veist af ertu farin að horfa á myndband af japanskri mannætu. Í leikritinu vinnum við með þá þælingu og byggjum karakterana á myndböndum sem hafa náð mikilli útbreiðslu á netinu. Við í leikhópnum bjuggum okkar karaktera mestmegnis til í Facebook-grúppu þar sem við vídjó-blogguðum sem okkar karakterar.

### Hvaða persónu leikur þú? Átt þú eitthvað sameiginlegt með persónunni?

Ég leik Lindu blindu sem er mjög sjálfstæð og nennir ekki að láta fólk hjálpa sér. Þó hún sé blind þá vill hún ekki viðurkenna það alveg því hún veit að hún getur þetta sjálf. Svo vil ég ekki segja þér hvert leyndarmálið hennar er. Ég er sjálfstæð og blátt áfram eins og Linda blinda.

### Og hvernig er þessu komið til skila á sviði?

Við leikum á sviðinu en svo erum við með upptekin vídjó og „live feed“ þar sem við erum að leika á sviðinu en um leið er okkur varpað á skjá. Leikmyndin er líka risastór hvítur kassi sem opnast. Hlutirnir fara ekki að gerast fyrir en maður fer út fyrir kassann. Það eru margar skemmtilegar þælingar þarna hjá okkur.

### Þú varst í leikfélaginu hjá MH í fyrra líka. Hvernig kviknaði leiklistaráhuginn?

Hann kviknaði í Skrekk í 8. bekk. Mér finnst leiklist virkilega skemmtileg. Ég vann í Þjóðleikhúsinu sem „dresser“ og hjálpa fólki með hraðskiptingar í og úr fötum. Þessi leikhúsbaktería er til í alvöru. Ef ég er að vinna einhvers staðar annars staðar þá finn ég að ég vil bara vinna í leikhúsinu.

### Þannig að þú hefur áhuga á því að vinna við slíkt eftir stúdentsprófið?

Mig langar að verða sýningarstjóri í leikhúsi, sjá um að keyra sýningarnar áfram og segja leikurum að fara á svið á réttum tíma.

### En hefur þú ekki séð marga fræga leikara hálfnakta í starfi þínu sem „dresser“?

Jú, ég hef séð nokkra en það er ekkert sem maður talar um í blaðaviðtölum (hlær).

### Af hverju á fólk að koma á sýninguna?

Vegna þess að þetta form er alveg nýtt. Fólk sem hefur séð þetta segist ekki hafa séð slíkt áður og sumir segja þetta nýja vídd í framhaldsskóla-sýningum. Þetta er öðruvísi, flott og sjónrænt.



# #monitormynd

## Ert þú í Instahring Monitor?

Bondaðu við okkur með hashtagginu **#monitormynd**.  
Vikulega getur þú svo nælt þér í vinninga með því  
að notast einnig við hashtag vikunnar.

Hashtag vikunnar 21. - 28. mars er **#afmæli**  
en hæfileikaríkir Instagrammar gætu nælt  
sér í gjafabréf á hina einu sönnu Hamborgarafabriku.

**MONITOR**



**HVAÐ ER TÍTT?**

Nafn: Sólmundur Hólm Sólmundarson.  
 Á forsíðu: 8. mars 2012.  
 Fyrirsögn viðtals: Ólst upp í tívólinu.

Þessa dagana er ég á fullu að stýra árshátíðum og annarskonar veislum. Svo stendur yfir undirbúningur á nýjum þætti, Megatímanum, sem fer í loftið á Skjáeinum miðvikudagskvöldið 27. maí - í beinni. Sama dag og Monitor-viðtalið birtist eignuðumst við Elín mín okkar annan son, Baldvin Tómas, sem er fyrirferðarmikill þjakkur. Við fjölskyldan eignuðumst líka okkar fyrsta heimili reyðasta sumar í vesturbæ Reykjavíkur. Samhliða skemmtanabransanum hef ég komið að ýmsum verkefnum í útvarpi og sjónvarpi á þessu ári sem er liðið frá viðtalinu. Megatíminn verður í loftinu fram í miðjan maí en þá fer vonandi að hægjast aðeins um eftir mikið annríki undanfarinna mánaða.



**LOL-MAIL MONITOR**

Sæll herra Bergur  
 Áttu einn ískaldan?  
 Hilsen,  
 Kona fer með barnið sitt í stræto. Strætóbílstjórinn segir: „Barnið þitt er svo ljótt að þú verður að sitja aftast.“ Konan hlýðir og sest aftast en er mjög móðguð og segir við sessunaut sinn, sem er vinalegur maður, að bílstjórinn hafi verið dónalegur við sig. Maðurinn er skilningsríkur og svarar henni: „Þetta er það dónalegasta sem ég hef heyrt. Nú ferð þú frammí og lætur bílstjóran heyrast fyrir að hafa verið svona dónalegur. Drífðu þig nú, ég skal halda á apanum þínum á meðan.“

Ég skora á Árna Pál Árnason, formann Samfylkingarinnar Geysir.  
 Kærar kveðjur,  
 Bergur Ebbi

**LOKAPRÓFIÐ**

| 21. mars 2013 |  
**MONITOR**  
 skólinn

Ég heiti Margrét Erla Maack

Ef ég væri ekki Margrét Erla Maack væri ég til í að vera

þú veist hver ég er af því að Ég er stundum í sjónvarpinu og er systir Vigdísar sem er framari bláttinn

Snilldin við dómuna sem leigir með mér er sú að

- a) hún er bandarísk raunveruleikasjónvarpsstjarna.
- b) hún vaskar alltaf upp og þurrkar meira að segja líka.
- c) hún er fyndnari en Hemmi Gunn og Halldóra Geirharðs til samans.
- d) hún er svo raunsæ.
- e) við syngjum mikid saman.



Nei, í alvöru. Hún er snilld og mér finnst allt í lagi þó hún hafi

- a) stundum litið út fyrir að vera smeyk í myndatökunum í America's Next Top Model. NEITS!
- b) haldið framhjá kærastanum sínum í America's Next Top Model.
- c) hitt Tyrú Banks en ekki ég.
- d) Óger

Ég og hún kynntumst einmitt í karóki árið 2005 og höfum verið bestu vinir síðan. Það er skemmtileg tilviljun af því að

- a) karóki er eitt það skemmtilegasta sem ég geri. hell yes!
- b) ég er einmitt að fara á karóki-kvöld núna í kvöld á Harlem en dúettinn Hits & Tits stendur fyrir þessum einstaka viðburði.
- c) ég hélt lengi vel að ég myndi aldrei eignast bestu vinkonu þó ég hafi alltaf verið umvafin skemmtilegu fólki.
- d) ég var alveg viss um að karóki myndi bara kveikja ástarneista hjá fólki en ekki svona yndislegan vinaneista eins og hjá okkur Shandi.
- e) ég hélt að við myndum kynntast í gegnum mæðlestörf

Eiginhandararitunin mín lítur svona út:

Starfsláðback

- a) Margrét Edda Gnarr, Íslandsmeistari í Taekwondo
- b) Margrét Stella Kaldalóns sem vann söngkeppni Samfés um daginn
- c) Margrét Eir, söngkona
- d) Margrét Thatcher, járnfrúin sjálf
- e) Margrét Þaradrottning



af því að hún er dönsk, býri København og fætt hjá Waginama

Ástæðan fyrir því að ég fór að vinna á RÚV er einfaldlega sú að

- a) ég vildi að alþjóð myndi upplifa þann þokka sem ég bý yfir.
- b) mér finnst Simmi í Kastljósinu svo mikið sjarmatröll og mig langaði að kynnað honum eilítið betur.
- c) draumur minn er að verða spyrill í Gettu betur.
- d) ég gat ekki Magnús meiri skala

SATT OG ÓSATT

Mér fannst Ofurskálar-atrildið hjá Beyoncé alveg glatað.

S Ó Asli Helgason fannst það!

Suður-amerískur matur er það besta sem ég fæ.

S Ó Ós japandurosind- versk

Mér finnst mjög óþægilegt að litla systir mín sé líka í þessu tölublaði Monitor. I'm lovin' it

S Ó

Mér finnst nú alltaf krúttlegt þegar fólk ruglar okkur systur saman.

S Ó

Í sumar ætla ég að

- a) labba hringinn í kringum landið í blúndukjól og hælum.
- b) fara í allar sundlaugar landsins.
- c) skella mér til Ekvador og starfa sem fararstjóri 15 ára unglinga í frídarsumarbúðir á vegum Sameinuðu þjóðanna.



**VEL GERT**

Matthías Vilhjálmsson Ísfróingurinn Matthías Vilhjálmsson sló í gegn á síðustu leiktið

í Noregi en þá setti hann 18 mörk og lið hans, Start, tryggði sér rétt til að keppa í efstu deild. Ný leiktið hófst svo um helgina og þá minnti Matti rækilega á sig með því að skora sitt fyrsta úrvalsdeildarmark þegar Start vann Hönefoss 3-2. Vonandi er þetta það sem koma skal.



RAGNHILDUR STEINUNN

**ÉG HEF ALDREI**

- 1 ...hitt Madonnu. Það er nú samt alveg „möst“ að það gerist einhvern tímann því við erum sálusystur!
- 2 ...drukkjóð maltöl. Mér finnst lyktin af því svo vond að ég treysti mér ekki til að smakka.
- 3 ...fengið gat á hausinn...7,9,13!
- 4 ...verið góð í fótbolta en ég bæti upp fyrir það með því að fara í handahlaup á hælaskóm.
- 5 ...fengið sekt fyrir of hraðan akstur en þó oft verið stoppuð!
- 6 ...skilið hvernig Sveppi nennir að krulla á sér hárið á hverjum morgni.

**SÍÐAST EN EKKI SÍST**

► Vikan í baksýnispegli **Dóru Júlíu Agnarsdóttur**

**STAÐURINN:** Norræna húsið! Ég fór á ótrúlega áhugaverða og fallega ljósmyndasýningu þar á sunnudaginn, mæli eindregið með því að allir kíkja þangað. Konan í afgreiðslunni ætlaði að láta mig borga barnagjald inn því hún hélt að ég væri ekki orðin 16 ára.

**STUNDIN:** Nemendasýning Dansstúdíó World Class sem var í Borgarleikhúsinu í gær. Ótrúlega vel uppsett sýning með snilldar dönsurum og ég gæti ekki verið stoltari af stelpunum sem ég kenni þar.

**MATURINN:** Verð að segja pizza þar sem ég er búin að borða pizzu svona 6 sinnum á liðinni viku. Þetta fer að verða svolítið vandamál hjá mér.

**MAÐURINN:** Það er hún mamma mín. Hún vaknaði eldsnemma á sunnudaginn með mér til að sauma búninga



fyrir danssýninguna. Hún er auðvitað eldklár og gullfalleg og í þokkabót á lausu. Getið sent mér message á face-inu ef þið viljið símanúmerið hennar.

**LAGIÐ:** Eftir Sónar hef ég ekki hætt að hlusta á Ain't got nobody með Sísí Ey, sérstaklega þegar ég djamma. Þetta er djammalagið mitt og Ingu Harðardóttur vinkonu minnar.

**FRÉTTIN:** Reykjavík Fashion Festival síðasta laugardag í Hörpu. Það flottasta hingað til. Til hamingju allir sem tóku þátt í að láta það verða að veruleika.



DÓRA DJAMM-KÖNNUÐUR

LÉTTÖL

# TUBORG

LIQUID SOUNDTRACK

*Fjörirð hefst  
með Tuborg*





**HÖNDLARÐU HITANN ?**

THE ORIGINAL  
**TURKISK  
PEBER**